

121.rafrænn fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins, haldinn þann 27. mars 2018 að Þverholti 2 Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl 11:30.

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

Lýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar – frístundasvæði suðurhluta Mosfellsbæjar

Vísað er í bréf Skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar dagsett 21. febrúar 2018 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis um lýsingu, verkáætlun skipulagsáætlunar skv. 30 gr. skipulagslaga fyrir væntanlega breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, vegna breytingar á frístundasvæði í suðurhluta Mosfellsbæjar, þétting á núverandi frístundabyggð.

Framkvæmastjórnin gerir eftirfarandi athugasemdir:

Með gögnum málsins fylgir uppdráttur úr aðalskipulagi Mosfellsbæjar sem sýnir úrelt kort af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að kynna framkvæmdina með vísun í gildandi uppdrátt af vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins frá 2015. (Gildistöku vatnsverndar í Mosfellsdal var frestað í þrjú ár, en það á ekki við hér). Nauðsynlegt er að öll þrjú svæðin séu sýnd á korti í betri skala svo nákvæmlega sé unnt að átta sig á stöðu vatnsverndar á hverjum stað. Aðeins eru sýndir tveir hringir á kortinu sem fylgir. Miðað við þetta er líklegt að svæðið sé ekki fjarsvæði vatnsbólsins Fossvallaklif eins og fram kemur í kafla 2.2.1. heldur frekar öryggissvæði vegna grunnvatns.

Fram kemur í gögnum málsins að svæði 543- F sé á vatnsverndarsvæði. Mögulega eru hin svæðið líka á vatnsverndarsvæði miðað við gildandi vatnsvernd. Fram kemur í umfjöllun um áhrif á vatnsból að óvissa sé hvaða áhrif framkvæmdin hefur á vatnsból.

Í 56. gr. samþykktar um verndun vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu nr. 555/2015segir um öryggissvæði:

„Skipulag byggðar, þ.m.t. íbúðarbyggðar, framkvæmdir og starfsemi innan öryggissvæða skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Starfsemi sem getur haft í för með sér mengun er óheimil. Heilbrigðisnefnd er heimilt að víkja frá ákvæði þessu ef metið er að lítil hættu sé á jarðvegs- eða grunnvatnsmengun og sýnt hefur verið fram á fyllstu mengunarvarnir. Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila inn til heilbrigðisnefndar áhættumat er nær bæði til framkvæmda og reksturs“.

Ekki er unnt að taka afstöðu til erindisins fyrr en áhættumat liggur fyrir.

Engin önnur mál voru á dagskrá.